

## REGLUGERÐ

### um (8.) breytingu á reglugerð nr. 47/1990 um stofnanapjónustu fyrir aldraða.

#### 1. gr.

Fjárhæðir, sem nefndar eru í reglugerðinni, skulu breytast þannig:

Í 5. gr. komi kr. 30.386 í stað kr. 29.217.

Í 6. gr. komi kr. 30.386 í stað kr. 29.217.

Í 10. gr. komi kr. 24.412 í stað kr. 23.473.

Í 14. gr. komi kr. 24.412 í stað kr. 23.473.

#### 2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 30. sbr. 27. gr. laga um málefni aldraðra nr. 82/1989 með síðari breytingu, öðlast gildi 1. september 1999.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 1. september 1999.*

**Ingibjörg Pálmadóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Jón Sæmundur Sigurjónsson.*

13. september 1999

Nr. 613

## AUGLÝSING

### um aukaleik Íslenskra getrauna.

Ráðuneytinu hefur með bréfi Íslenskra getrauna, dags. 8. þ.m., borist tilkynning um aukaleik Íslenskra getrauna undir nafninu *Sigurinn, aukaleikur um veðreiðar hestamannafélagsins Fáks 1999* í samræmi við 3. tl. 4. gr. og 36. gr. reglugerðar fyrir Íslenskar getraunir nr. 543/1995. Leik þennan á að starfrækja til og með 2. október 1999.

Ráðuneytið samþykkir að leikur þessi verði starfræktur og um hann gildi reglur þær sem Íslenskar getraunir hafa gefið út. Fylgja þær hér með sem fylgiskjal.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 13. september 1999.*

F. h. r.

**Björn Friðfinnsson.**

\_\_\_\_\_  
*Jón Thors.*

### Fylgiskjal.

#### **Spilareglur í aukaleik Íslenskra getrauna um veðreiðar Fáks 1999: SIGURINN**

##### **1 Almennar reglur.**

- 1.1 SIGURINN er samheiti yfir getraunaform þar sem þátttakandinn giskar á sigurvegarann í fyrirfram ákveðnu veðhlaupi á vegum hestamannfélagsins Fáks. Hver keppni á SIGRINUM er sjálfstæð getraun.
- 1.2 SIGURINN er hægt að spila á Internetinu og hjá þeim söluaðilum sem hafa beinlínutengdan aðgang að sölukerfi Íslenskra getrauna á Internetinu.